



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 23. desember 2020
MÍ202012-0116/ 6.09 / K.M.

Efni: Borgir. Íbúðarhús o.fl. Rangárþing ytra.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 10. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi Borga.

Skipulagssvæðið er 3 ha spilda úr séreignalandi Sólvalla. Svæðið er flatlent, ræktað tún og framræst. Engar byggingar eru á svæðinu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og bílskúrs, gestahúss og/eða geymslu/skemmu á skilgreindum byggingareit og aðkomuvegi að reitnum.

Fjallað er um fornleifar í kafla 2.3 í greinargerð með tillögunni. Þar segir að engar þekktar minjar séu innan skipulagssvæðisins samkvæmt aðalskráningu. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2010, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. II. Bind.* Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í landi Odda en Sólvellir tilheyrðu þeirri jörð. Engar fornleifar voru skráðar innan skipulagssvæðisins. Undirritaður starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefur skoðað skipulagssvæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust innan svæðisins.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi Borgar í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 23.10.2020. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.